

Krabba frænka kemur í heimsókn

BÆKUR

ÓTUKTIN

eftir Önnu Pálínu Árnadóttur. 153 bls. Salka 2004.

Lífsreynslusaga Önnu Pálínu Árnadóttur fjallar um baráttu hennar við krabbamein sem hún greindist með fyrir fimm árum. Í upphafi sögunnar er sagt frá því þegar meinið greinist og þeirri jákvæðu afstöðu sem Anna Pálína tekur: að í lífinu panti fólk sér námskeið til að læra af og þroskast og veikindi hennar séu af því tagi. Þetta viðhorf hennar er andstætt viðhorfi hjúkrunarfræðingsins sem hún spjallar við á biðstofunni en hann heldur því fram að lífið sé einsog sumarbúðir þar sem einhver annar skipuleggur dagskrána (12). Í rauninni snúast þessi ólíku viðhorf um það hvort maður tekur ábyrgð á lífi sínu eða ekki. Eftir sjúkdómsgreininguna tekur þrautaganga við; lyfjameðferð, geislar, hárkolla; tilfinningasveiflur milli gríðarlegrar bjartsýni og dýpstu örvæntingar; sorg og reiði, áhyggjur af fjármálum og fjölskyldu. Á þessu erfiða „námskeiði“ kynnist Anna Pálína nýjum leiðum í lífinu, heilun og hugleiðslu, sem hjálpa henni að takast á við erfiðleikana, endurnýja orkubirgðirnar og berjast áfram við ótuktina. Ótuktin er myndhverfing krabbameinsins; óboðinn gestur sem sest að í líkamanum/húsinu. Húsráðandi er að vonum ósáttur fyrst og vill losna við hann en lærir svo að lifa í þessum nýju aðstæðum, úthlutar gestinum herbergi og kennir honum umgengnisreglurnar til að þeim takist að búa saman.

Anna Pálína finnur svör við stóru spurningunum í hugleiðslu, þar kynnist hún kærleikanum og lærir að óttast ekki. Hugleiðslunni er lýst sem einskonar draumaástandi þar sem ljós og skuggi, vatn, hús og göng eru mikilvæg tákn. Tilfinningar eru myndhverfðar: Áhyggjur, Depurð og Kvíði eru litlar verur sem eru reknar út úr húsinu (95) en reyna sífellt að komast inn aftur; steinar hjartans eru áhyggjur sem virðast risastór björg en hægt er að mola sundur þegar að er gáð (149). Við hugleiðsluna verður einskonar sálarlandslag til, ýmist klettótt eða skógi vaxið, þar sem jörð og skógur tákna líkama og sál, styrkurinn tekur á sig mynd arnar og bjargvætturinn er hvítur hestur. Þetta eru hefðbundin tákn og kunnugleg sem geta auðveldlega orðið þreyttar klisjur í skáldskap en eru það ekki í þessari bók.

Í sögunni er ekki að greina nokkra reiði út í læknavísindin þrátt fyrir að í þeim sé lítil hjálp, lyfin séu gagnslítill og virki jafnvel öfugt og geislarnir skemmi heilbrigð líffæri. Þegar ótuktin fer að gægjast aftur fram úr herberginu sínu hleypur Anna Pálína hið snarasta inn í búningageymslu og sækir gamla hetjubúninginn sinn til að geta borið sig vel en hann er þá orðinn þröngur og snúinn og tölurnar dottnar af... Í lok sögunnar er Anna Pálína stolt og sátt og horfir enn á ný bjartsýn fram á veginn (150). Æðruleysi hennar er aðdáunarvert, hún axlar algerlega ábyrgð á eigin lífi. Lokakafli sögunnar gerist í hugleiðsluástandi og þar er táknrænan allsráðandi. Hún stígur út úr myrkrinu inn í ljósið með stóran, svartan stein sem er ætlaður henni: „Steinninn er þungur. Ég finn að ég þarf að taka á öllum mínum kröftum til að bera hann. Ég er að sligast. Hesturinn er við hlið mér. Hann býður mér á bak svo ég þurfi ekki að bera þennan þunga stein alein. Ég sest á bak hestinum með steininn í fanginu og hesturinn ber okkur út. Eftir því sem við nálgumst hellismunnann minnkar steinninn. Hann verður minni og minni. Léttari og

léttari. Við komum út í ljósið og steinninn er orðinn vatnsdropi í lófa mér. Ég helli honum upp í mig til að glata honum ekki og finn hvernig vatnið nærir mig alla“ (153). Saga Önnu Pálínu minnir okkur á að lífið er til þess að læra af því og dauðinn bíður okkar allra – spurningin er bara sú hvernig við búum okkur undir að taka á móti honum.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>